



Alþýðusamband Íslands

Stefna ASÍ um tækniþróun og skipulag vinnunnar

43. þing ASÍ gerir kröfu um að ný tækni og breytingar á atvinnuháttum verði á forsendum launafólks en ekki stórra fyrirtækja og að vinnumarkaður framtíðar feli í sér tækifæri til bættra lífskjara, styttingar vinnutíma og afkomuöryggis.

Vinnumarkaðurinn og samfélagið allt standa frammi fyrir miklum áskorunum. Hnattvæðingin þýðir að samfélög verða stöðugt alþjóðlegri. Á sama tíma hafa hraðar tæknibreytingar, vöxtur tengihagkerfisins, sjálfvirkni- og gervigreindarvæðing og aukin fjármálavæðing eignarhalds fyrirtækja vaxandi áhrif á stöðu launafólks og störf stéttarfélaga um heim allan. Samhliða því að treysta stöðu launafólks í þessum breytingum þarf að tryggja að sá ábati sem verður til af tækniframförum og aukinni framleiðni renni til launafólks og samfélagsins alls en ekki bara fyrirtækjanna.

Áhrif tækniþróunar á vinnumarkað eru ekki ný af nálinni en aukinn hraði breytinga kallar á að verkalyðshreyfingin þurfi að vera vakandi fyrir þessari þróun. Störf munu hverfa, önnur breytast og ný störf verða til. Það er grundvallaratriði að ný tækni og breyttir atvinnuhættir þjóni hagsmunum alls launafólks. Þannig er nauðsynlegt að tryggja að verkefnunum sé deilt þannig að allir sem hafa getu til fái góð störf við hæfi.

Mikilvægt er að gerð verði reglulega mannafla- og færnispá og móta þarf hæfnistefnu fyrir Ísland. Þar verði sett fram markmið um það hvernig atvinnulíf og vinnumarkaður á að þróast bæði til lengri og skemmri tíma og hvernig þeim verður best náð. Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, atvinnulífs og verkalyðshreyfingar að móta slíka sýn og að mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsstefna á hverjum tíma stuðli að framgangi hennar.

Hraðar breytingar á störfum og starfsumhverfi setja aukinn þrýsting á að einstaklingar uppfæri og þrói færni sína yfir starfsævina. Menntun, símenntun og endurmenntun mun leika stóran þátt í að tryggja stöðu launafólks á vinnumarkaði í síbreytilegum heimi. Grunn-, sí – og endurmenntun er á sameiginlega ábyrgð samfélagsins, fyrirtækjanna, einstaklinganna, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Mæta þarf þörfum launafólks og atvinnulífs með því að efla verk- og starfsmenntun á öllum stigum ásamt því tryggja samfellu í iðn- og verknámi með auknum framlögum til vinnustaðanámssjóðs. Mikilvægur þáttur í þessum efnum er öflugt fagháskólanám og þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.

Hækkun menntunarstigs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi og sérstaklega á landsbyggðinni. Sérstaklega þarf að huga að þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, fólki af erlendum uppruna og einstaklingum með skerta starfsgetu. Tryggja þarf að hæfni sé metin til launa og skapa þannig hvatningu fyrir launafólk að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.

Fjarvinna, netvinna, íhlaupastörf, aukin verktakavæðing, tímabundin störf, óskýrara ráðningarsamband og lakari réttindi eru áskoranir sem stéttarfélög og um allan heim standa frammi

fyrir. Þó vandamálin séu ekki ný þá hafa þau aukist og breytt um eðli með nýrri tækni og tilkomu tengihagkerfisins (t.d. Uber, Deliveroo, AirBnB). Reynslan sýnir að það er raunveruleg hættu á því að þessari þróun fylgi minna atvinnu- og afkomuöryggi.

Launafólk gerir kröfur um styttingu dagvinnutíma og minni yfirvinnu án skerðingar á launum. Tækniframfarir, aukin framleiðni og skipulagning vinnunnar gera vinnutímastyttingu og sveigjanlegri vinnutíma að raunverulegum kosti. Launafólk á heimtingu á mannsæmandi launum fyrir hóflega dagvinnu. Að dagvinnulaun dugi launafólki til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum.

Stefna ASÍ

- Ný tækni, aukin framleiðni og breyttir atvinnuhættir eiga að þjóna hagsmunum alls launafólks, umhverfisins og almennings.
 - Launafólk og samfélagið allt njóti arðsins af aukinni framleiðni og skipulagsbreytingum með nýrri tækni.
 - Komið verði í veg fyrir að fyrirtæki misnoti persónuupplýsingar um starfsmenn sína.
- Atvinnulýðræði með aðild starfsmanna að stjórnnum fyrirtækja hefur aldrei verði mikilvægara til að tryggja áhrif þeirra á skipulag vinnunnar og starfsemi fyrirtækjanna.
- Tryggja skal réttarstöðu og styðja launafólk sem missir vinnuna vegna tæknibreytinga og breytt skipulags vinnunnar.
- Strax verði hafin vinna við gerð mannafla- og færnispár og mótun hæfnistefnu fyrir Ísland. Þar verði sett fram stefna um það hvernig við viljum að atvinnulíf og vinnumarkaður þróist bæði til lengri og skemmri tíma og hvernig markmiðunum verður best náð.
- Mæta þarf þörfum launafólks og atvinnulífs með því að stórefla sérstaklega iðn-, verk- og starfsmenntun á öllum stigum, þ.m.t. fagháskólanám og raunfærnimat.
 - Efla þarf verk- og tækniskilning strax í grunnskóla.
 - Byggja þarf brýr á milli skólastiga og verk- og bóknáms.
- Hækkun menntunarstigs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi, sérstaklega á landsbyggðinni, gagnvart þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki af erlendum uppruna, einstaklingum með skerta starfsgetu og annarra sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði.
 - Mikilvægt er að launafólki geti sótt námið í vinnutíma og að það sé skipulagt á forsendum þess.
- Tryggja þarf að menntun og hæfni sé metin til launa og þannig skapist hvatning fyrir launafólk að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.
- ASÍ krefst sanngjarns tengihagkerfis (e. platform/gigg economy), sem viðurkennir rétt alls vinnandi fólks til mannsæmandi launa og starfskjara.
- Sporna þarf við þróun á ráðningarsambandi sem skapar óvissu og skerðir réttindi launafólks.
 - Tryggja þarf í löggjöf réttarstöðu þeirra sem starfa í tengihagkerfinu, stunda fjarvinnu, netvinnu, íhlaupastörf og verktöku.
 - Efla ber samvinnufélög starfsmanna sem svar launafólks við tengihagkerfinu.
- Stytta á dagvinnutíma og draga úr yfirvinnu án skerðingar á launum.
 - Hafna á öllum hugmyndum um aukinn sveigjanleika varðandi skilgreiningu á dagvinnutímabilinu.
 - Í ráðningarsamningum skal kveða skýrt á um vinnutíma og fyrirtæki virði frítíma starfsmanna.
- Lögbinda ber styttingu vinnutímans til að tryggja réttindi alls launafólks.

Verkefni ASÍ

- Vera leiðandi og móta stefnu og áherslur verkalýðshreyfingar þegar kemur að innleiðingu nýrrar tækni og breyttum atvinnuháttum.
 - Gera kröfu um að starfsmenn og samfélagið allt njóti arðsins af aukinni verðmætasköpun.
 - Gæti hagsmuna starfsmanna við innleiðingu nýrrar tækni og vinnuskipulags.
- Gera kröfu um atvinnulýðræði og rétt starfsmanna til að skipa fulltrúa í stjórn fyrirtækja.
- Vinna að því að tryggja réttarstöðu launafólks sem missir vinnuna vegna tæknibreytinga og breytts skipulags vinnunnar og treysta stöðu þess á vinnumarkaði.
- Hafa frumkvæði að og leiða vinnu við gerð mannafla- og færnispár og mótun hæfnistefnu fyrir Ísland og að henni verði fylgt eftir.
- Leiða umræðu og stefnumótun aðildarfélaganna um menntamál og vinnumarkaðinn í ljósi tæknipróunar og breyttra atvinnuhátta með sérstakri áherslu á verk- og tæknimenntun.
 - Gæta í samstarfi við aðildarfélögin sérstaklega hagsmuna fólks á landsbyggðinni og sem hefur litla grunnmenntun, fólks af erlendum uppruna, einstaklinga með skerta starfsgetu og annarra sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði.
 - Gera kröfu um rétt allra til símenntunar og að námið fari fram í vinnutíma á forsendum starfsmanna.
 - Beita sér fyrir nægu fjármagni til sí- og endurmenntunar þannig að kostnaður fyrir launafólk sé ekki hindrun.
- Knýja á um eflingu fagháskólastigsins og þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.
- Móta í samstarfi við aðildarfélögin tillögur að fyrirkomulagi og verklag varðandi mat á menntun og hæfni til launa út frá viðmiðum atvinnulífsins.
- Leiða umræðu og áherslu innan verkalýðshreyfingarinnar um hvernig sporna má við óhefðbundnum ráðningarformum, þ.m.t. í tengihagkerfinu, og beita sér fyrir löggjöf sem treystir réttarstöðu launafólks í slíku ráðningarsambandi.
- Vinna tillögur í samstarfi við aðildarfélögin um það hvernig tryggja má réttindi og þátttöku fólks í óhefðbundnu ráðningarsambandi í stéttarfélagunum.
- Beita sér fyrir löggjöf sem setur ramma um tengihagkerfið og treystir kjör og réttindi þeirra sem þar starfa.
 - Gæta hagsmuna starfsfólks í tengihagkerfinu og kortleggja árangur sem náðst hefur í að skipuleggja það í stéttarfélagin.
 - Aðeins tengihagkerfi sem tryggir kjör og réttindi þeirra sem við það starfa er ásættanlegt.
 - Stuðla að rekstrarformum (samvinnufélög) sem svari starfsmanna.
- Leiða umræðu og stefnumótun innan verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir og útfærslu á styttingu vinnutíma sem tekur mið af ólíkum aðstæðum og væntingum á vinnumarkaði.
 - Leggja áherslu á að skýr mörk séu dregin milli vinnutíma og frítíma launafólks.